

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7
22. febrúar 1966, og um bann við loðnuveiðum.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. febrúar 1972 til 1. september 1973 eru síldveiðar með öðrum veiðarfærum en reknetum bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvisandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin réttvisandi norðvestur frá Rit.

Þó eru síldveiðar með reknetum á þessu svæði því aðeins heimilar, að möskva-stærð netanna sé minnst 63 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna í milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

Á tímabilinu 1. marz til 30. apríl 1972 eru loðnuveiðar bannaðar austan 12°30' vesturlengdar milli 64°30' og 66°00' norðurbreiddar.

Á tímabilinu 1. maí til 31. júlí 1972 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 18 26. janúar 1971 um breyting á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1972.

Lúðvík Jósefsson.

Jón L. Arnalds.